

Mánudaginn 02.04.2012 kl 12:00 var haldinn 4. fundur starfshóps sem sveitarstjórn Húnaþings vestra skipaði á fundi sínum þann 12. janúar sl. um samþykktir og stjórnarsýslu sameinaðs sveitarfélags.

Dagskrá:

1. Störf formanns frá síðasta fundi.
2. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Leó Örn Þorleifsson, oddviti setti fund. Fór hann yfir það sem búið er að gera frá síðasta fundi m.a um gerð heimasíðu. Lögð fram tillaga um að starfshópurinn verði í samstarfi við Tm software ehf. við ákvörðun um framsetningu heimasíðunnar og mun hópurinn kalla til starfsmenn sveitarfélagsins og aðila í ferðaþjónustunni ef þörf þykir. Tillagan samþykkt samhljóða. Lögð fram drög að samningi við KPMG ehf. um ráðgjöf við nefndina um stjórnarsýslu sameinaðs sveitarfélags. Framlögð drög að samningi samþykkt samhljóða.
2. Farið yfir samþykktir um katta- og hundahald og reglur um námsmannaafslátt í leikskóla og reglum um styrki til greiðslu fasteignaskatta. Næsti fundur nefndarinnar verður 23. apríl n.k. kl 12:00.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 14:00

Leó Örn Þorleifsson(sign.),
Sigurður Kjartansson(sign.),
Stefán Böðvarsson(sign.).

Elín Jóna Rósinberg(sign.),
Ragnar S. Helgason(sign.),